

Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á hafnarsvæði Hvammstanga, Vestur-Húnavatnssýslu



Óskar Leifur Arnarsson
Sólveig Hulda Benjamínsdóttir
2017

Mynd 1: Ljósmynd á forsiðu í eigu Héraðsskjalasafns Vestur-Húnavatnssýslu. Óskráð einkaskjalasafn Ólafs Steinars Björnssonar. (Mót norðaustur. Ljós. Ólafur Steinar Björnsson).

© Óskar Leifur Arnarsson & Sólveig Hulda Benjamínsdóttir, október 2017

Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á hafnarsvæði Hvammstanga, Vestur-Húnavatnssýlu

Útgáfustaður: Patreksfjörður

Útgefandi: Óskar Leifur Arnarsson

Netfang: oskarar@gmail.com

Unnið fyrir Húnaþing vestra.

Minjastofnun Íslands - auðkennisnúmer verkefnis: 1856

Heiti verkefnis: Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á hafnarsvæði Hvammstanga, Vestur-Húnavatnssýlu Lokaskýrsla	Verknr. / Rannsóknarnr.(Minjastofnun Íslands): 1856
Sveitafélag / (Hreppur): Húnaþing vestra (Hvammstangahreppur)	Sýsla: Vestur-Húnavatnssýla
Jörð / lögþýli: Kirkjuhvammur og Syðsti-Hvammur	Landnúmer (Þjóðskrá Íslands): Kirkjuhvammur (landnr. 1444485) og Syðsti-Hvammur (án landnúmers)
Verkkaupi: Húnaþing vestra	Landeigandi, heimilisfang:
Landmælingar Íslands – Herforingjaráðskort: 33 SA. Óspakseyri - Hrútafjörður	Hnit: -
Gripir nr. (Sarpur): -	Sýni: -
Skýrsluhöfundar: Óskar Leifur Arnarsson & Sólveg Hulda Benjamínsdóttir	Tímabil vettvangsvinnu: apríl og maí 2016
Verkefnisstjórar: Óskar Leifur Arnarsson & Sólveig Hulda Benjamínsdóttir	Dagsetning: 31.10.2017

Verkefnið/skipulagið stangast ekki á við menningarminjalög

Verkefnið/skipulagið stangast á við menningarminjalög

Efnisyfirlit

1. Inngangur.....	1
2. Markmið og aðferðir.....	3
Tilgangur fornleifaskráninga.....	3
Af hverju fornleifaskráning?.....	5
Fornleifaskráning og aðferðir.....	5
Staðardagskrá 21 - sjálfbær þróun.....	6
3. Sögulegt yfirlit.....	7
Eldri hús innan og við skipulagsreitinn.....	10
4. Úttekt á einstökum byggingareitum.....	15
5. Niðurstöður.....	17
6. Heimildaskrá.....	19
7. Kort.....	23
8. Fornleifaskrá.....	25

1. Inngangur

Að beiðni sveitarstjóra Húnaþings vestra, hóf Byggðasafn Húnvetninga og Strandamanna skráningu fornleifa vegna deiliskipulagsvinnu á hafnarsvæði Hvammstanga vorið 2016. Fornleifaskráningin takmarkast við umrætt skipulagssvæðið, sem er rúmlega 10 hektarar að stærð. Hafnarsvæðið er beggja vegna við Syðri-Hvammsá, sem er landamerki milli Kirkjuhvamms (landnr. 1444485) og Syðsta-Hvamms (án landnúmers). Á deiliskipulagsreitnum hefur átt sér stað mikið jarðrask og framkvæmdir á 20. öld og hefur útlit svæðisins tekið miklum breytingum. Stór hluti svæðisins er landfylling, auk þess sem þar stendur fjöldi bygginga og annarra mannvirkja. Vegna þessa eru flestar minjar svæðisins huldar sjónum, en hugsanlega eru leifar einhverra þeirra þó enn til staðar undir yfirborði jarðar; undir malbiki, húsum eða öðrum byggingum. Aðeins ein tóft er sjáanleg á deiliskipulagsreitnum. Auk þess voru skráðar heimildir um allar aðrar minjar og byggingar frá upphafi 20. aldar innan svæðisins og meðal annars notast við bæjarkort danska herforingjaráðsins frá 1912.

Yngvi Þór Loftsson landslagsarkitekt hjá Landmótun sér um deiliskiplagsvinnuna. Samkvæmt henni er gert ráð fyrir nýjum lóðum og viðbyggingum við hús sem þegar eru innan svæðisins.

Vettvangsathugun annaðist Sólveig Hulda Benjamínsdóttir, fornleifafræðingur og forstöðumaður safna í Húnaþingi vestra. Auk hennar sá Óskar Leifur Arnarsson, fornleifafræðingur, um skýrsluskrif, könnun eldri gagna, frágang mæligagna og skýrslu. Skýrsluhöfundar vilja þakka öllum þeim sem aðstoðuðu á einhvern hátt. Sérstakar þakkir fá heimildamennirnir, Björn Þórir Sigurðsson, Birgir Karlsson, Þórður Skúlason og Þór Magnússon fyrir aðstoð og áhuga sem þeir sýndu verkefninu. Þór fær einnig þakkir fyrir að leyfa skýrsluhöfundum að birta myndir eftir hann.

Umrædd fornleifaskráning takmarkast við ofangreint skipulagssvæði (sjá nánari mörk á korti í kafla 7). Ekki er um tæmandi upptalningu á fornleifum á svæðinu að ræða og fleiri fornleifar geta komið í ljós við framkvæmdir. Þá má geta þess að skráning í þéttbýli getur verið flókin vegna þess að á hverju ári bætast við nýjar fornleifar vegna 100 ára reglunnar og í þéttbýli hafa breytingar verið meiri, þéttari og hraðari og þar af leiðandi hafa sumar minjar einungis staðið í skamman tíma. Af þessum sökum er hugsanlega meiri hætta á því að skráningin sé ekki tæmandi.

2. Markmið og aðferðir

Tilgangur fornleifaskráninga

Lög um menningarminjar nr. 80/2012 eiga að tryggja eftir föngum verndun menningarsögulegra minja í eigin umhverfi og að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Eins eiga lögin að auðvelda aðgang og kynni af menningarminjum og greiða fyrir rannsóknum. Þá er fornleifaskráning bundin skipulagsgerð skv. lögnum, en í 16. gr., IV. kafla segir: „Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi. ... Sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög skal standa straum af kostnaði við skráninguna.“

Í 2. gr., I. kafla laganna eru þjóðminjar skilgreindar sem: „Þjóðminjar teljast jarðfastar minjar eða lausir gripir eða hlutir sem eru einstakir og hafa sérstaka merkingu og mikilvægi fyrir menningarsögu Íslands.“ Í sömu grein eru þjóðarverðmæti skilgreind sem: „hvers konar munir, gripir, myndir, skjöl, handrit og bækur í eigu opinberra stofnana, fyrirtækja, félagasamtaka eða einstaklinga sem hafa sérstaka þýðingu fyrir íslenska þjóðmenningu.“

Í 3. gr., I. kafla laganna eru fornminjar skilgreindar sem: „annars vegar forngrípur og hins vegar fornleifar. Forngrípur eru lausamunir 100 ára og eldri sem menn hafa notað eða mannaverk eru á og fundist hafa í eða á jörðu eða jökli, í vatni eða sjó. Skip og bátar frá því fyrir 1950 teljast til forngrípa. Til forngrípa teljast einnig leifar af líkömum manna og hræjum dýra sem finnast í fornleifum, svo sem fornum haugum, dysjum og leiðum.“

„Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skrúðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og

- siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,*
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,*
 - f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,*
 - g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,*
 - h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,*
 - i. skipsflök eða hlutar þeirra.*

Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.“

Um verndun fornleifa segir í 21. gr. VI. kafla: „*Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.*

Eigendur og ábúendur jarða skulu hlúa að fornleifum á landareignum sínum og viðhalda umhverfi þeirra eftir því sem sanngjarnt getur talist. Minjastofnun Íslands er skylt að veita ráðgjöf og leiðbeiningar í því sambandi.“

Í 22. grein segir: „*Fornleifum sem eru friðlýstar skal fylgja 100 metra friðhelgað svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra og umhverfis nema kveðið sé á um annað. Hvers konar röskun, byggingarframkvæmdir eða aðrar framkvæmdir á friðhelguðu svæði umhverfis friðlýstar fornleifar eru óheimilar án leyfis Minjastofnunar Íslands. Friðhelgað svæði umhverfis aðrar fornleifar, sem ekki eru friðlýstar en njóta friðunar, skal vera 15 metrar nema annað sé ákveðið.“*

Sú skylda hvílir á sveitarfélögum eða framkvæmdaaðilum að gera Minjastofnun Íslands viðvart með sannanlegum hætti og minnst fjöggra vikna fyrirvara ef fyrirsjáanlegt er að minjar spillist vegna hvers konar framkvæmda eða breyttrar landnotkunar. Eins er hverjum þeim sem verður var við að fornleifar liggja undir skemmdum skylt að láta sömu stofnun vita án tafar (sjá 23. gr., VI. Kafla).

Ef óþekktar fornminjar koma í ljós, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli skal Minjastofnun Íslands gert viðvart svo fljótt sem unnt er.

Þá skal sá sem fyrir framkvæmdum stendur stöðva þær án tafar og hafa samband við Minjastofnun Íslands ef óþekktar fornminjar finnast á framkvæmdasvæði. Skriflegt leyfi Minjastofnunar Íslands þarf til að hefja framkvæmdir að nýju á fundarstað fornminja (sjá 24. gr., VI. Kafla).

Í lögum um menningarminjar er einnig fjallað um byggingararfinn. Skv. þeim eru öll hús og mannvirki eldri en 100 ára friðuð. Þá eru framkvæmdir við hús og mannvirki sem byggð voru fyrir 1925 og kirkur frá 1940 og fyrr umsagnarskyldar og er málaflokkurinn undir Minjastofnun Íslands.

Af hverju fornleifaskráning?

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að koma í veg fyrir að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða nauðsynjalausu. Fornleifaskráning nýtist við minjavörslu þegar ákveða á verndun á einstökum minjastöðum. Eins kemur hún að miklum notum við skipulagsvinnu og vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Þá er hægt að taka tillit til minjanna við skipulagsgerð og nýta þær í rannsókn- eða kynningarskyni. Með fornleifaskráningu má einnig stórlega minnka líkur á að fornleifar komi óvænt í ljós við framkvæmdir sem gæti leitt til tafa og aukins kostnaðar á viðkomandi verki.

En það er ekki aðeins lagaleg ástæða fyrir því að fornleifar eru skráðar. Ástæður eins og fræðilegar, menningarlegar, siðferðislegar og sögulegar geta þar einnig komið til. Saga og minjar eru mikilvægar hluti af þjóðarímynd Íslendinga. Yngri rústir eru mikilvægar til að varpa ljósi á eldri minjar og búsetusögu svæðis. Til að yfirvöld sem fara með minjavörslu geti sinnt hlutverki sínu varðandi fornleifar, verða þau að hafa yfirsýn yfir hvaða minjar eru til og staðsetningu þeirra.

Fornleifarnar geyma upplýsingar sem hvergi annars staðar er að finna. Þessar upplýsingar eru ekki geymdar í handritunum eða safngripum. Upplýsingar um líf og störf genginna kynslóða og sögu persónanna sem landið byggðu. Einnig gefa fornleifarnar innsýn inn í daglegt amstur og lífsafkomu íbúanna. „Hvort sem okkur líkar það betur eða verr, voru þessar rústir hluti af tilverunni og veruleikanum og þess vegna eru þær mikilvægar fyrir þjóðina, sögu hennar og ímynd. Ef hún eyðir þeim, eyðir hún hluta af sjálfri sér“¹

Fornleifaskráning og aðferðir

Við fornleifaskráninguna er farið eftir skráningarstöðlum Minjastofnunar Íslands frá 2013 með síðari tíma viðbótum og breytingum.

Við undirbúning og úrvinnslu voru fyrirbyggjandi heimildir athugaðar, svo sem jarðabækur, örnefnaskrár og fornrit. Þá var einnig rætt við heimildarmenn. Fornleifaskráning á vettvangi var takmörkuð við það svæði sem verið er að deiliskipuleggja. Gengið var skipulega um svæðið. Hver

1 Bjarni F. Einarsson (2007): 7

minjastaður var hnitsettur (ÍSN93), honum lýst, ljósmyndaður og teiknaður þegar við átti. Þá var einnig notast við hnitsetta loftmynd frá Loftmyndum ehf. til staðsetningar á fornleifum og farið var yfir eldri kort og loftmyndir frá Landmælingum Íslands. Kortin eru unnin í QuantumGIS. Fornleifar sem eru skráðar fá hver sitt númer eftir stöðlum Minjastofnunar Íslands. Númerið byggir á verknúmeri verkefnisins sem fæst við stofnun þess í kortavefsjá Minjastofnunar Íslands og hlaupandi númeri innan verkefnisins (d. Verknúmer 1856, heimild um fornt naust norðan við árósin 1856-1). Metið er hvort fornleifar á sama svæði tilheyra ákveðinni minjaheild út frá stöðlum Minjastofnunar Íslands.²

Ekki má líta svo á að um tæmandi fornleifaskráningu á vettvangi sé að ræða og óþekktar fornleifar geta óvænt komið í ljós við framkvæmdir.

Staðardagskrá 21 - sjálfbær þróun

Árið 1992 sendi Heimsráðstefna Sameinuðu þjóðanna um umhverfi og þróun sem haldin var í Rio de Janeiro frá sér ályktun. Ályktunin *Dagskrá 21* eða *Framkvæmdaáætlun 21* (e. *Agenda 21*) miðar að því að hvetja þjóðir heims til vitundarvakningar um sjálfbæra þróun.

Staðardagskrá 21 miðar að því að allar sveitastjórnir heimsins geri með sér áætlun um sjálfbæra þróun samfélagsins og þau verk sem vinna þarf til að ná þeim markmiðum. Sjálfbær þróun samfélags tekur mið af félagslegum, hagrænum, menningarlegum og vistfræðilegum þörfum núlifandi íbúa og komandi kynslóða. Húnaþing vestra er aðili að Staðardagskrá 21.³ Hins vegar er ekki fjallað sérstaklega um fornleifar, menningarminjar eða menningarlandslag í samþykkt sveitafélagsins að Staðardagskrá 21.

Grundvöllur sjálfbærrar þróunar fornleifa er fölginn í ítarlegri fornleifaskráningu. Til að geta unnið að skipulagsgerð og tekið ákvarðanir um örlög þeirra minja sem finnast á tilteknu svæði, er nauðsynlegt að þekkja hvað finnst. Með skráningu fornleifa fæst vitneskja um hvort að stök rúst eða minjasvæði sé einstakt fyrir svæðið, hvort um sé að ræða fornleifar sem eru dæmigerðar og góður fulltrúi fyrir svæðið eða hvort um sé að ræða minjar sem á sér margar líkar. Þetta verður allt að liggja fyrir áður en ákvörðun um framhaldið er tekin, hvort minjar eigi að vernda sérstaklega eða fórna og þessi vitneskja fæst einungis með fornleifaskráningu.⁴

2 Minjastofnun Íslands (2013) og Oddgeir Isaksen (2016).

3 Stefán Gíslason. (2010)

4 Bjarni F. Einarsson og Sandra Sif Einarsdóttir (2008): 9

3. Sögulegt yfirlit

Fornleifaskráning þessi er vegna deiliskipulags á hafnarsvæði Hvammstanga, Vestur-Húnavatnssýslu. Þéttbýlisstaðurinn Hvammstangi er byggður í landi Kirkjuhvamms (landnr. 1444485) og Syðsta-Hvamms (án landnúmers) og markar Syðri-Hvammsáin landamerki þessara tveggja jarða. Ekki er um tæmandi sagnfræðilega úttekt á jörðunum að ræða. Verða hér því stuttlega raktar helstu heimildir um jörðina, en meiri áhersla lögð á sögu minja sem tengjast deiliskipulagsreitnum beint.

Um landnám svæðisins eru *Sturlubók* og *Melabók Landnámabókar* í meginatriðum samhljóma, en þó virðist *Sturlubók* ítarlegri. Í *Sturlubók* segir: „*Skútaðar-Skeggi hét maðr ágætr í Nóregi; hans son var Björn, er kallaðr var Skinna-Björn, því at hann var Hólmgarðsfari; ok er honum leiddusk kaupferðir, fór hann til Íslands ok nam Miðfjörð ok Línakradal. Hans son var Miðfjarðar-Skeggi;*“ ... „*Skeggi bjó á Reykjum í Miðfirði...*“⁵

Í bókinni *Landið og landnáma* er bent á að ekki sé ljóst hvar austurmörk landnáms Skinna-Björns voru á Vatnsnesi. Líklegt er að hann hafi numið land langt út með strönd Vatnsness, allt út til landnáms Haraldar hrings að Ambáttará. Það er þó um 20 km fyrir utan mynni Miðfjarðar. Þá eru mörkin einnig óljós að austan á móti Sóta sem nam Vesturhóp, því segja má að Línakradalur nái landfræðilega úr Miðfirði í Vesturhópsvatn en sveitamörkin eru hins vegar um Þóreyjarnúp.⁶

Kirkjuhvamms er fyrst getið árið 1318 í máldögum Auðunar biskups rauða Þorberssonar fyrir Hólabiskupsdæmi. Þá hét jörðin bara Hvammur og af eignum kirkjunnar þar má ætla að hún hafi ekki verið nýstofnuð þegar máldaginn er gerður.⁷ Hugsanlegt er að á þessum tíma sé jörðin Hvammur óskipt, en það þarf þó ekki að vera.

Kirkjuhvamms nafnið kemur ekki fram í rituðum heimildum fyrr en þegar Einar Daðason seldi Ásgrími Snorrasyni jörðina 5. febrúar 1406. Í samningnum segir um landamerki Kirkjuhvamms og Syðsta Hvamms: „*Sagdi einar þesse lanndamerki mille synsta hvammz. ad lækur sa riedi ad fielli j mille nausta ofan j sio og upp í riettsyne j lækiarbug. ...*“⁸ Leiða má líkum að því að Synsti Hvammur sé í raun Syðsti-Hvammur og að lækurinn sem átt er við sé Syðri-Hvammsá. Þarna er heimild fyrir því að naust fyrir báta hafi verið beggja vegna við lækinn, en það er þó ekki elsta heimildin um útræði úr Vík eða Hvammsvík við Hvammstanga. Því í sögu Guðmundar góða

5 Íslendingabók Landnámabók (1968): 212

6 Landið og landnáma, I.bindi (1982): 247-48

7 D.I. Íslenzkt fornbréfasafn (1893), 2. bindi: 481-2

8 D.I. Íslenzkt fornbréfasafn (1896), 3. bindi: 706-8

Arasonar er getið lendingar í Hvammsnausti í Miðfirði um eða skömmu eftir 1200. Guðmundur var biskup á Hólum 1203-1237. Þar segir frá Teiti nokkrum er bjó á Kambi á Ströndum og fór hans yfir Flóa til Miðfjarðar. Var þetta hættuför vegna veðurs, en einnig vegna þess að samferða var óvætturinn Selkolla. En daginn sem þér héldu af stað höfðu þeir hlotið blessun Guðmundar góða og varð ekki meint af förinni.⁹

Syðsta-Hvamms er getið í afsali árið 1449, þegar Jón Þorkelsson fékk jörðina auk 10 kúgilda í skiptum fyrir 25 hdr. í jöðrinni Ási í Vatnsdal.¹⁰ Ef um er að ræða alla jörðina Syðsta-Hvamm, þá hefur jörðin ekki verið metin á meira en 15 hdr. á þeim tíma.

Í doktorsritgerð Björns Lárussonar er mat Kirkjuhvamms skráð 40 hdr. árin 1686 og 1696. Árið 1686 er mat Syðsta-Hvamms 30 hdr., en lækkar niður í 24 hdr. árið 1695. Á þessum tíma var Kirkjuhvammur í einkaeigu, en Syðsti-Hvammur í Konungseigu árið 1686 en einkaeigu 1696¹¹ Í *Jarðabók* Árna og Páls árið 1705 er jarðardýrleiki Kirkjuhvamms metinn 40 hdr. og Syðsta-Hvamms 30 hdr.¹² Í *Jarðatali* Johnsens frá 1847 er dýrleiki Kirkjuhvamms metinn 40 hdr. og Syðsta-Hvamms 24 hdr.¹³ Í *Nýrri jarðabók fyrir Ísland* er fornt jarðamat það sama og í *Jarðatali*. En nýtt jarðamat Kirkjuhvamms var metið 28.5 hdr. og Syðsta-Hvamms 15.6 hdr.¹⁴

Heimaútræði hefur verið lengi frá báðum jörðunum. Í því sambandi má benda á að Hvammsnaust eru nefnd í heimildum frá því um 1200 og naust á báðum jörðum árið 1406. Líklega hefur verið útræði frá Víkinni, sem einnig er kölluð Hvammsvík og er fyrir innan tangann sem bærinn dregur nafn sitt af. Í henni er ós Syðri-Hvammsár og besta hafnaraðstaða fyrir landi jarðanna. Í *Jarðabók* Árna og Páls segir um Syðsta-Hvamm að „Heimræði er sem áður segir um Ytrivelli og litlu betur til komið.“ Þá segir einnig að lending jarðarinnar sé nær óbrigðul.¹⁵ Heimræði Ytrivalla er sagt vera um vor, sumar og haust, þegar fiskgengd er í Miðfirði, en lítið eða ekkert gagn hafi verið af því í mörg ár.¹⁶ Þar sem jarðabókin er tekin saman til að ákvarða eignir og þar með skattheimtu, virðast jarðeigendur haft varann á og reynt að telja niður hlunnindi og kosti jarða eins og hægt var. Um heimræði Kirkjuhvamms er sagt það sama og fyrir Syðsta-Hvamm.¹⁷

9 Biskupa sögur (1858), 1. bindi: 608

10 D.I. Íslenskt fornbréfasafn (1899-1902), 5. bindi: 27

11 Björn Lárusson (1967): 227-8

12 Árni Magnússon og Páll Vídalín (1926): 112-14

13 J.Johnsen (1847): 226

14 Ný jarðabók fyrir Ísland (1861): 97

15 Árni Magnússon og Páll Vídalín (1926): 113

16 Árni Magnússon og Páll Vídalín (1926): 111

17 Árni Magnússon og Páll Vídalín (1926): 114

Í bókinni Húnaþing (1. bindi) skrifar Gústav Halldórsson grein um Hvammstanga. Þar fjallar hann m.a. um hlunnindin sem fólust í svæðinu sunnan tangans, sem Hvammstangi er kenndur við. Þar hafi áður verið „lending Hvammamanna, er þeir reru til fiskjar á fjörðinn. En fleiri voru það, sem létu í haf úr þeirri vör en bændur og búalið Hvammamanna...“¹⁸ Gefur þetta til kynna að tanginn hafi verið vinsæll lendingarstaður bænda hér á svæðinu.

Flestar minjar sem finna má á hafnarsvæði Hvammstanga eru minjar frá því um aldamótin 1900, en sögu kaupstaðarins Hvammstanga má rekja aftur til 13. desember 1895 þegar Alþingi tók ákvörðun um að gera staðinn að löggiltum verslunarstað. Þessar breytingar voru taldar til mikilla bóta fyrir íbúa héraðsins sem áður höfðu þurft að sækja verslun til Borðeyrar í Hrutafirðir, en það þótti mikil vegalengd að fara fyrir fólk af svæðinu.¹⁹ Eftir að Hvammstangi varð að löggiltum verslunarstað átti uppbygging sér stað. Í upphafi var staðurinn kallaður Kirkjuhvammstangi og er núverandi nafn, Hvammstangi, líklega eldra örnefni²⁰ eða þá stytting úr fyrra nafni. Árið 1904 voru skráðir íbúar í sóknarmannatali 35 talsins í sex íbúðarhúsum.²¹ Flestöll eldri íbúðarhús bæjarins sem og atvinnuhúsnaði voru í námunda við tangann og víkina innaf honum, en þar er núverandi hafnarsvæðið. Af íbúðarhúsum má nefna Möllershús, Óskarbæinn, Sjávarborg, Hruna, Vindhæli og verkamannabæinn svokallaða. Aðeins Sjávarborg er ennþá uppistandandi, en stendur á öðrum stað í bænum. Tóft Vindhælis er ennþá sýnileg í dag og staðsett sunnarlega á deiliskipulagssvæðinu. Atvinnuhúsnaði voru einnig allmörg en flest þeirra eru horfin. Má þar nefna Riishúsið, Riisbúðina (eða pakkhúsið), gamla kaupfélagshúsið, sláturskúr, saltskúr o.fl. Þorspmyndunin á Hvammstanga var frábrugðin mörgum öðrum stöðum á landinu. Víðast hvar voru fiskveiðar og verkun sem ýttu undir þéttbýlismyndunina, en á Hvammstanga varð hún vegna verslunarinnar og þeirrar miðstöðvar sem staðurinn varð.

Árið 1910 voru þrjár verslanir á Hvammstanga; Riisverslun, verslun Garðars Gíslasonar og Verslunarfélag bænda, sem síðar varð grunnur að Kaupfélagi Vestur-Húnvetninga. Þá var fjöldi íbúa kominn í 114 og voru 24 íbúðarhús á staðnum.²²


18 Gústav Halldórsson (1975): 366

19 Steingrímur Steinþórsson (1995): 191-192

20 Örnefnaskrá. Þór Magnússon.

21 Sóknarmannatal í Kirkjuhvammssókn við húsvitjun 31. desember 1904. Afrit varveitt á Héraðsskjalasafni Vestur-Húnvatnssýslu. Frumrit er varðveitt á Þjóðskjalasafni Íslands.

22 Steingrímur Steinþórsson (1995): 199-200



Eldri hús innan og við skipulagsreitinn

Innan og rétt við skipulagsreitinn er að finna nokkur gömul hús. Eins og kom fram í 2. kafla um tilgang fornleifaskráningar, þá eru öll hús og mannvirki eldri en 100 ára friðuð. Eins eru framkvæmdir við hús og mannvirki sem byggð voru fyrir 1925 umsagnarskyld.

Brekkugata 4. Pakkhúsið á Brekkugötu 4 var reist sem skv. fasteignaskrá árið 1909. Í færslu við ljósmynd Geirs Zoëga vegamálastjóra, sem finna má á gagnasafninu Sarpi (ljósmynd nr. GZ1-774) segir hins vegar að húsið hafi verið reist af Jóni L. Hanssýni árið 1907. Árið 1909 hafi verslun Garðars Gíslasonar og Hay eignast það²³, en Verslunarfélag Vestur-Húnavatnssýslu (VVH)



²³ Færsla við ljósmynd nr. GZ1-774 á www.sarpur.is

eignast allar eignir Garðars Gíslasonar og Hay árið 1914. Verslunarfélagið varð síðar að Kaupfélagi Vestur-Húnavetninga árið 1919.²⁴ Eins gæti húsið hafa verið reist beint fyrir Slátrunarfélag eða Verslunarfélag Vestur-Húnavatnssýslu (SVH og VVH), en sláturhús var reist suðaustan við Pakkhúsið árið 1908.²⁵ Verslun Sigurðar Pálmasonar keypti pakkhúsið og sláturhúsið árið 1923. Í húsinu er í dag rekinn handverksmarkaður og Verslunarminjasafn sem varðveitir krambúð Sigurðar Davíðssonar frá fyrri hluta 20. aldar. Húsið stendur innan skipulagsreitsins.

Brekkugata 2. Á lóðinni eru tvö hús sem lengst af hafa gengið undir heitinu Meleyri og samkvæmt fasteignaskrá Þjóðskrár Íslands eru sunnanmegin verbúð reist árið 1926 og norðanmegin útihús frá 1928. Bæði húsin standa innan skipulagsreitsins. Upphaflega reisti Guðmundur Z. Guðmundsson, smiður, Meleyrarhúsið árið 1906 og var það í fyrstu kallað Smiðshús. Árið 1914 keypti Sigurður Pálmason húsið af Guðmundi og var þetta þá eina steinhúsið á staðnum.²⁶ Sigurður rak þar verslun sína og árið 1926 byggði hann við húsið og er upphaflega húsið suðvestur horn núverandi húss.²⁷ Í grein Gústavs Halldórssonar segir hins vegar að elsti hlutinn sé norðvestur horn hússins í dag.²⁸ Á bæjarteikningu herforingjaráðsins frá 1912 er merkt inn hús þar sem útihúsin norðan Meleyrar eru. Áður munu hafa verið útihús úr torfi þarna, áður en þau steyptu komu. Í Meleyrar útihúsunum er nú rekinn veitingastaðurinn Hlaðan. Fjósið var lága byggingin vestan megin og þar var kamar í suðvesturhorninu, en hlaðan háa byggingin við götuna.²⁹ Samkvæmt grein Gústavs Halldórssonar, mun þetta vera elsta steinhúsið í Vestur-Húnavatnssýslu.³⁰ Húsin standa innan við skipulagsreitinn.



24 Steingrímur Steinþórsson (1995): 214-223

25 Steingrímur Steinþórsson (1995): 214

26 Gústav Halldórsson (1975): 374

27 Þór Magnússon, tölvupóstur

28 Gústav Halldórsson (1975): 378

29 Þór Magnússon, tölvupóstur

30 Gústav Halldórsson (1975): 378


Brekkugata 1. Húsið var upphaflega reist sem skúr pöntunarfélagsins (Pöntunarfélagsskúrin) norðantil á Hvammstanga árið 1902 (sjá fornleifar nr. 1856-12). Pöntunarfélagið var rekið af Kaupfélagi Húnvetninga. Í húsinu mun svo Kaupfélag Vestur-Húnvetninga hafa rekið sína fyrstu verslun. Guðmundur Z. Guðmundsson keypti húsið árið 1914, þegar hann seldi Sigurði Pálmasyni Meleyri. Guðmundur flutti húsið neðan af tanganum og að Brekkugötu 1, þar sem steypt var hæð undir það. Eftir það hefur það heitið Guðmundarhús. Guðmundur stundaði einhverja verslun í húsinu þar til hann lést.³¹

Skv. fasteignaskrá Þjóðskrár Íslands er húsið byggt 1908, en samkvæmt Sögu Hvammstanga er það upphaflega byggt 1902, en flutt og stækkað árið 1914. Húsið stendur utan við skipulagsreitinn.

Strandgata 4. Húsið var upphaflega reist sem hesthús í upphafi 20. aldar. Nákvæmt byggingarár er ekki þekkt, en í bókinni Sögu Hvammstanga er mynd frá árinu 1914 sem sýna þinghúsið vestan Strandgötu og hesthúsið austan hennar. Árið 1920 var byggt við húsið og er gamla hesthúsið nú í suðvestur horni hússins. Á árunum 1919-1921 gekk húsið undir heitinu Bjarnabær eftir Bjarna Sveinssyni, en frá 1931 hefur húsið heitið Gunnarshús. Á neðri hæðinni var Verslun Gunnars Kristóferssonar og á efri hæðinni íbúð.³² Í fasteignaskrá Þjóðskrár Íslands er skráð byggingarár 1922. Húsið stendur utan við skipulagsreitinn.



Mynd 4: Brekkugata 1, Guðmundarhús. Ljós. Óskar Leifur Arnarsson.



Mynd 5: Strandgata 4. Myndin er tekin þegar húsið var stækkað árið 1920. Upphaflega byggingin sést. Ljós. Björn P. Blöndal.



Mynd 6: Strandgata 4, Gunnarshús, eins og það er í dag. Ljós. Óskar Leifur Arnarsson.

31 Steingrímur Steinþórsson (1995): 192, 216, 218 og 232

32 Þórður Skúlason. Húsaskrá.

Strandgata 6. Ásgeir Magnússon reisti húsið sem hlöðu árið 1914 skv. húsaskrá Þórðar Skúlasonar og var húsið þá kallað Ásgeirshús. Í fasteignaskrá Þjóðskrár Íslands er byggingarár hússins það sama. Fyrsta skráða búseta í húsinu skv. húsaskrá Þórðar er 1920, en milli 1920-29 var húsið kallað Eiríkshús. Eftir 1930 hefur það verið kallað Steinar.

Á bæjarteikningu danska herforingjaráðsins frá

1912 er hús merkt inn á þessum stað og því er spurning hvort húsið sé eldra eða hvort þar hafi staðið annað hús áður. Það getur þurft að kanna nánar ef til stendur að framkvæma norðan við húsið. Húsið stendur utan við skipulagsreitinn.

Strandgata 7. Systkinin Sveinbjörn og Anna Jónsbörn reistu timburhús sem þau kölluðu Bjarg árið 1908. Í því stunduðu þau greiðasölu í 34 ár, en almennt var það aldrei kallað annað en Sveinbjörnshús eða Vertshús.³³ Í fasteignaskrá Þjóðskrár Íslands er húsið skráð byggt 1907. Byggt hefur verið við húsið síðar. Það stendur utan við skipulagsreitinn.



Mynd 7: Strandgata 6, Steinar, eins og það er í dag. Ljós. Óskar Leifur Arnarsson.



Mynd 8: Strandgata 7, Bjarg. Ljós. Óskar Leifur Arnarsson.

33 Gústav Halldórsson (1975): 378

4. Úttekt á einstökum byggingareitum

Mestur þéttleiki skráðra minja er sitthvoru megin við Syðri-Hvammsá, meðfram Víkinni að sunnan verðu og út á tangann (Hvammstanga) að norðan. Flestar minjarnar sem skráðar voru eru fremur ungar, eða frá því um og eftir aldamótin 1900. Þær tengjast þéttbýlismyndun á tanganum sem hófst eftir að staðurinn varð löggildur verslunarstaður árið 1895 og eru minjar um búsetu, landbúnað, slátrun, verslun, veiðar og fiskverkun. Þó verður að benda á það að heimaútræði bæjanna Kirkjuhvamms og Syðsta-Hvamms hefur lengi verið stundað frá þessum stað og elstu heimildirnar um svæðið frá upphafi 13. og 15. aldar, sem bendir til að þarna hafi staðið naust fyrir báta beggja vegna við árósin sem var á landamerkjum jarðanna.

Töluvert margar minjar lenda inn á skipulagssvæðinu og eru minjar nr. 1856-15, 16, 26, 27, 28 og 31 í mikilli hættu vegna nýrra framkvæmda í fyrirhuguðu skipulagi (tillaga frá janúar 2017). Þó má benda á að þessar minjar eru allar frá því eftir 1900 og einhverjar þeirra stóðu langt fram á 20. öldina. Flestar minjarnar sem skráðar voru eru heimildir um minjar og minjastaði, þar sem að framkvæmdir á 20. öld hafa hulið eða eyðilagt þær flestar. Nákvæm staðsetning er byggð á eldri kortum, heimildum og ljósmyndum. Þó er ekki ólíklegt að undir malbiki og steypu leynist eitthvað enn.

Helst eru minjar í hættu á lóð Strandgötu 1. Þá er möguleiki á að minjar geti leynst á lóðum Hafnarbrautar 3, 9, 11 og 13. Heimildir eru um bæi í nágrenni við Höfðabraut 28 og á lóð Höfðabrautar 30. Lítil eða engin hættu er á að minjar séu innan lóða Tanga 1 og 3.

Athugið að neðangreind úttekt er samkvæmt skipulagstillögu frá því í janúar 2017.³⁴



Mynd 9: Tillaga að deiliskipulagi hafnarsvæðis Hvammstanga. Nýjar lóðir eru appelsínugular. (Landmótun, janúar 2017)

34 Yngvi Þór Loftsson o.fl. (2017)

Strandgata 1: Miklar breytingar hafa verið á þessu svæði á síðustu öld. Á suðaustur hluta lóðarinnar stendur verslunarhús og á vesturhlutanum eru vörugeymsla /frystir. Gert er ráð fyrir stækkun kaupfélagshússins og gamla sláturhússins og milli þeirra verði bensíndælur. Á svæðinu í kring á tanganum eru heimildir um minjar, en flestar þeirra eru fremur ungar eða frá því þegar þéttbýlismyndun hófst á tanganum um aldamótin 1900.

Leita verður áhlits Minjastofnunar Íslands ef til stendur að framkvæma meira innan lóðarinnar eða í næsta nágrenni hennar. Hugsanlega þarf að grafa könnunarskurði til kanna hvort minjar leynist innan byggingreits. Ef áður óþekktar fornminjar koma í ljós við hverskyns framkvæmdir, ber samkvæmt *menningarminjalögum* að stöðva framkvæmdir strax og gera Minjastofnun Íslands viðvart.

Hafnarbraut 3, 9, 11 og 13: Búið er að reisa hús á Hafnarbraut 3, sem stendur á landfyllingu. Þar er gert ráð fyrir viðbyggingu. Fremur ólíklegt má telja að þar séu einhverjar minjar, vegna þess að þar var sjávarmálið og sjór áður.

Lóðir 9, 11 og 13 eru nýjar lóðir. Þær standa í gömlu fjörunni eða rétt fyrir ofan hana. Ekki eru heimildir fyrir minjum á þessu svæði.

Ef áður óþekktar fornminjar koma í ljós við hverskyns framkvæmdir, ber samkvæmt *menningarminjalögum* að stöðva framkvæmdir strax og gera Minjastofnun Íslands viðvart.

Höfðabraut 28 og 32: Um er að ræða nýjar lóðir, en við Höfðabraut 30 stendur hús frá 1988.

Heimildir eru um bæi frá fyrrihluta 20. aldar í nágrenninu og við lóð Höfðabrautar 30. Því getur þurft að grafa könnunarskurð til fá úr því skorið hvort að eldri minjar leynist á svæðinu. Sjá nánar kafla 8.

Ef áður óþekktar fornminjar koma í ljós við hverskyns framkvæmdir, ber samkvæmt *menningarminjalögum* að stöðva framkvæmdir strax og gera Minjastofnun Íslands viðvart.

Tangi 1 og 3: Þessar lóðir eru nýjar og standa á landfyllingu norðanmegin við bryggjuna og höfnina. Þar eru ekki heimildir fyrir minjum og mjög ólíklegt að þar leynist nokkuð.

Ef áður óþekktar fornminjar koma í ljós við hverskyns framkvæmdir, ber samkvæmt *menningarminjalögum* að stöðva framkvæmdir strax og gera Minjastofnun Íslands viðvart.

Skóða verður fornleifaskrána með tilliti til annarra staða innan skipulagssvæðisins vegna hverskonar framkvæmda og ef breytingar verða á skipulagi á síðari stigum.

5. Niðurstöður

Eitt af meginmarkmiðum fornleifaskráningar er að vera skipulagsyfirvöldum innan handar við að standa vörð um fornleifar og marka stefnu í minjavernd og skipulagsmálefnum. Fornleifaskráningu lýkur í raun aldrei, bæði vegna þess að nýjar óþekktar minjar geta komið í ljós og eins vegna aldurskilgreiningar á fornleifum í *lögum um menningarminjar*. Samkvæmt þeim teljast fornleifar vera hvers kyns mannvistarleifar 100 ára og eldri og því bætast nýjar minjar við árlega.

Alls voru skráðir 40 stakir minjastaðir og 7 hús innan og rétt utan við skipulagssvæðið. Af þessum 40 minjum er einungis ein tóft sýnileg í dag. Innan reitsins eru 2-3 hús sem eru uppistandandi að hluta eða öllu leiti og eru aldursfriðuð eða umsagnarskyld. Svæðinu hefur mikið verið raskað, en fyrstu íbúðarhúsin á Hvammstanga voru byggð um 1900. Hafnarsvæðið hefur því tekið miklum breytingum á 20. öld. Minjarnar sem skráðar voru eru flestar frá fyrri hluta 20. aldar, en þó eru heimildir um naust á svæðinu frá 13.-15. öld og þeim hafa fylgt uppsátur. Gera má ráð fyrir að enn leynist minjar undir yfirborði, þó þær sjáist ekki í dag. Sjá nánar um hvern minjastað í kafla 8, aftast í skýrslunni.

Minjarnar sem skráðar voru tengjast sjósókn fyrri alda og upphafi þéttbýlis á Hvammstanga. Um helmingur minjanna er staðsetning húsa og mannvirkja sem eru sýnd á korti frá 1912, en eru nú horfin. Auk þess eru heimildir um hjalla, naust, uppsátur, bryggjur brýr og vegi. Verndargildi hvers minjastaðar fyrir sig er metið í fornleifaskránni, kafla 8.

Fyrirhugað skipulag stangast á við *Lög um menningarminjar nr. 80/2012* og hætta er á að minjar sem nú eru horfnar á yfirborði, leynist undir uppfyllingu, malbiki og steinsteypu. Sjá nánar í kafla 4.

Það skal áréttað að aðrar fornleifar en friðlýstar fornleifar njóta 15 metra friðhelgi og skal hafa það í huga varðandi allar framkvæmdir innan skipulagssvæðisins. Reynslan hefur sýnt að undir yngri minjum leynast oft eldri minjar. Sérstök aðgát skal höfð við framkvæmdir og rask í nágrenni skráðra fornleifa. Þetta á ekki einungis við um byggingaframkvæmdir, heldur einnig framkvæmdir eins og við lagningu neysluvatns, frárennslis, rafmagns, heimkeyrslna, trjáræktar o.fl. Lögð er áhersla á að samkvæmt *menningarminjalögum* ber að stöðva framkvæmdir strax og gera Minjastofnun Íslands viðvart ef áður óþekktar fornminjar koma í ljós við jarðrask á framkvæmdatíma.

Patreksfjörður, 31. október 2017

Óskar Leifur Arnarsson

6. Heimildaskrá

- Árni Magnússon og Páll Vídalín. (1926). *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Húnavatnssýsla*. 8. bindi. Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafjelag. [Reykjavík: Sögufélagið. Ljósprentuð útgáfa 1984.]
- Biskupa sögur*. (1858). 1. bindi. Kaupmannahöfn, Hið íslenska bókmenntafélag.
- Bjarni F. Einarsson. (2007). „Minjavernd er umhverfisvernd.“ *Eldjárn*. 2. árg. 1. tbl. s. 6-8
- Bjarni F. Einarsson og Sandra Sif Einarsdóttir. (2008). *Fornleifaskrá Reykjanesbæjar*. Reykjavík: Fornleifafræðistofan.
- Björn Lárusson. (1967). *The old icelandic land registers*. Lund: C.W.K. Gleerup.
- Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga og aðrar skrár, er snerta Ísland eða íslenzka menn. II. bindi. 1253-1350*. Hið íslenska bókmenntafjelag, Kaupmannahöfn, 1893.
- Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn, ... 3. bindi. 1269-1415*. Hið íslenska bókmenntafjelag, Kaupmannahöfn, 1896.
- Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn, ... 5. bindi. 1330-1476*. Hið íslenska bókmenntafjelag, Kaupmannahöfn og Reykjavík, 1899-1902.
- Gústav Halldórsson (1975). „Hvammstangi“ Í Sigurður J. Líndal og Stefán Á. Jónsson (ritnefnd). *Húnaþing. I. bindi*. Akureyri: Búnaðarsamband Austur-Húnavetninga, Búnaðarsamband Vestur-Húnavetninga, Kaupfélag Húnavetninga Blönduósi, Kaupfélag Vestur-Húnavetninga, Sögufélag Húnavetninga. bls. 366-419.
- Haraldur Matthíasson. (1982). *Landið og Landnáma*. I. bindi. Reykjavík: Örn og Örlygur hf.
- Íslendingabók Landnámabók*. (1968). Jakob Benediktsson (gaf út). Íslensk fornrit, I. bindi. Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag.
- J. Johnsen. (1847). *Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu*. Kaupmannahöfn.
- Lög um menningarminjar nr. 80, 29. júní 2012. <http://www.althingi.is/altext/stjt/2012.080.html>
- Ný jarðabók fyrir Ísland, samín eptir tilskipun 27. maímánaðar 1848 og allramildilegast staðfest með tilskipun 1. aprílmánaðar 1861. (1861). Kaupmannahöfn: [Jarðabókaútgáfan].
- Oddgeir Isaksen og Orri Vésteinsson. (2015, 21. október). „Fornleifar þurfa ekki að koma á óvart.“ *Fréttablaðið*, bls. 15.
- Oddgeir Isaksen (2016). *Leiðbeiningar Minjastofnun Íslands 1. Skil á fornleifaskráningargögnum. Landupplýsingagögn: Punktaskrár, línu- og flákagögn*. Minjastofnun Íslands, Reykjavík. http://www.minjastofnun.is/media/skjol-i-grein/Skilaferli-skraningargagna_leidbeiningar_uppf.pdf
- Sarpur, menningarsögulegt gagnasafn. Skoðað í október 2017. www.sarpur.is
- Skrá yfir vita og sjómerki á Íslandi. Samið í desember 1926 af vitamálastjóra*. (1927). Reykjavík, vitamálastjóri.
- Skráningarstaðlar fornleifa*. (2013). Minjastofnun Íslands. http://www.minjastofnun.is/media/skjol-i-grein/skraningarstadlar_2013_fornleifar.pdf
- Staðardagskrá 21. Framtíðarsýn. Sjálfbær þróun á 21. öld*. Húnaþing vestra.

<http://www.hunathing.is/GetAsset.ashx?id=1280>

Stefán Gíslason. (2010). *Staðardagskrá 21 á Íslandi. Lokaskýrsla um samstarfsverkefni Sambands íslenskra sveitarfélaga og umhverfisráðuneytisins 1998-2009*. [www.samband.is/media/sjalfbaer-throun---stadardagskra-21/Lokaskyrsla SD21 Island agust2010.pdf](http://www.samband.is/media/sjalfbaer-throun---stadardagskra-21/Lokaskyrsla_SD21_Island_agust2010.pdf)

Steingrímur Steinþórsson. (1995). *Saga Hvammstanga og hins forna Kirkjuhvammshrepps. I. bindi. Kirkjuhvammshreppur hinn forni*. Hvammstangahreppur.

Yngvi Þór Loftsson, Óskar Örn Gunnarsson og Margrét Ólafsdóttir. (2014). Húnaþing vestra. *Aðalskipulag 2014-2026. Greinagerð*. Landmótun. http://www.hunathing.is/assets/SA1301_greinargerð_minni_6906691.pdf

Yngvi Þór Loftsson, Margrét Ólafsdóttir og María Guðbjörg Jóhannsdóttir. (2017). *Tillaga að greinagerð með deiliskipulagi*. (Drög). Landmótun.

Þjóðskrá Íslands. (e.d.). *Fasteignaskrá*. Sótt 20. janúar 2017. <http://www.skra.is>

Örnefnaskrár:

Örnefni í Hvammstangahreppi, Vestur-Húnaþingssýslu. Þór Magnússon.

Óútgefið:

Hvammstangi, húsaskrá. Íbúðarhús með sérheitum. 2. drög. Þórður Skúlason

Sóknarmannatal í Kirkjuhvammssókn við húsvitjun 31. desember 1904. Afrit varðveitt á Héraðsskjalasafni Vestur-Húnaþingssýslu. Frumrit er varðveitt á Þjóðskjalasafni Íslands.

Tölvupóstsamskipti höfundar við Þór Magnússon, haustið 2017.

Munnlegar heimildir:

Birgir Karlsson, Hvammstanga (f. 1955)

Björn Þórir Sigurðsson, Hvammstanga (f. 1935)

Þórður Skúlason, fv. sveitastjóri á Hvammstanga (f. 1943)

Þór Magnússon, fv. þjóðminjavörður (f. 1937)

Loftmyndir:

Landmælingar Íslands, loftmynd nr.:

- 1957_LMI_Li2-5511
- 1964_LMI_A6858
- 1969_LMI_B4605
- 1974_LMI_D4739
- 1976_LMI_E04-E-0922
- 1979_LMI_F24-F-4989
- 1991_LMI_L30-L-8164

- 1993_LMI_M12-M-2584

Loftmyndir ehf., loftmynd frá árinu 2014.

Ljósmyndir:

Ljósmyndir í eigu Héraðsskjalasafns Vestur-Húnavatnssýslu.

Sigurður Jónsson (1865-1931), ljósmyndari frá Kollsá á Ströndum (Þjms.)

Póstkortasafn Andrésar Johnson. (Þjms.)

Björn P. Blöndal (1888-1966), póstaftgreiðslumaður á Hvammstanga. (Þjms.)

Þór Magnússon, fv. Þjóðminjavörður. (Þjms.)

Kort:

Generalstabens topografiske Kort (1914). 33 SA. *Óspakseyri - Hrótafjörður*. 1:50.000.

Kaupmannahöfn: Generalstabens topografiske Afdeling.

Hvammstangi, bæjarteikning (1912). Mælt af V. Brædstrup-Holm. 1:10.000. Generalstabens topografiske Afdeling.

https://atlas.lmi.is/soguleg_gogn/herforingjarad_frumgogn_myndir/baejarteikningar/Baejarteikningar.jpg_veflausn/B33L033.jpg

7. Kort




8. Fornleifaskrá

<i>Fornleifanr. MÍ</i>	1856-1	<i>Ástand</i>	Ekki sést til fornleifa
<i>Verknr. MÍ</i>	1856	<i>Horfin</i>	vegna rasks
<i>Eldra númer</i>		<i>Hættumat</i>	Hætta
		<i>Hættuorsök</i>	rask
<i>Sýsla</i>	Vestur-Húna vatnssýsla	<i>Veggjahæð</i>	
<i>Sveitarfélag</i>	Húnaþing vestra	<i>Veggþykkt</i>	
<i>Hreppur nr.</i>	5504 (Hvammstanga-hreppur)	<i>Breidd</i>	
<i>Landareign</i>	Kirkjuhvammur	<i>Lengd</i>	
<i>Landnúmer</i>	1444485		
